



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga
Aðeins sent í tölvupósti

Reykjavík 6. desember 2016

1605080SA VÓHS
Málalykill: 01.86

Efni: Bréf til allra sveitarfélaga - tilkynning um skil starfshóps

Vísað er til fyrri samskipta Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við álit Persónuverndar í máli nr. 2015/1203 og vinnslu persónuupplýsinga í vefkerfinu Mentor.

I.

Hinn 3. nóvember 2015 var í kjölfar álits Persónuverndar í máli nr. 2015/1203, stofnaður starfshópur um skoðun á skráningum upplýsinga um nemendur grunnskóla í rafræn upplýsingakerfi. Guðrún Sigtryggssdóttir, yfirlögfræðingur á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar leiddi vinnu starfshópsins. Upphafið að frumkvæðisathugun Persónuverndar voru ábendingar sem bentu til þess að víðtækar og viðkvæmar persónuupplýsingar um grunnskólanemendur væru skráðar í Mentor og að ósamræmi væri á milli kennara/grunnskóla við skráningu persónuupplýsinga í kerfið, einkum að því er varðar dagbókarflipa þess.

Hlutverk starfshópsins var að fara yfir álit Persónuverndar í máli nr. 2015/1203 varðandi vinnslu persónuupplýsinga um grunnskólanemendur og öryggi þeirra í vefkerfinu Mentor og samræma viðbrögð við áliti stofnunarinnar, ásamt því að móta tillögur til þess að bregðast við þeim ábendingum sem álit stofnunarinnar fól í sér.

Á síðustu mánuðum hefur starfshópurinn unnið að tillögum að lausnum í samræmi við framangreint álit, m.a. í samstarfi við Persónuvernd. Þá hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið verið upplýst um framvindu málsins við meðferð þess. Með afhendingu meðfylgjandi skjala og upplýsinga tilkynnist hér með að starfshópurinn hefur nú lokið störfum sínum.

II.

Samband íslenskra sveitarfélaga mun nú fyrir hönd sveitarfélaga utan Reykjavíkurborgar, senda vinnsluaðilum, Mentor og Námsfús, bréf í þeim tilgangi að vinnsluaðili sannreyni að hann geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Að áliti sambandsins fylgir því visst hagræði fyrir alla aðila að sent sé út eitt bréf vegna allra grunnskóla utan Reykjavíkurborgar fremur en að hver og einn skóli sendi sama bréfið. Í kjölfarið er óskað eftir því að hver grunnskóli upplýsi sitt sveitarfélag sem allra fyrst um samninga sem gerðir hafa verið við vinnsluaðila og sendi afrit af þeim samningi til viðkomandi sveitarfélags sem gangi í það verkefni að kanna hvort samningurinn uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til vinnslusamninga samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Meðfylgjandi fylgiskjöl hafa að

geyma leiðbeiningar við gerð vinnslusamnings (fskj. 2) og fyrirmynnd að vinnslusamningi á milli ábyrgðaraðila og vinnsluaðila persónuupplýsinga (fskj. 3).

Að öðru leyti vísast til fylgiskjala með erindi þessu:

- Bréf frá Guðrúnu Sigtryggsdóttur yfirlögfræðingi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og formanni starfshópsins,
- Leiðbeiningar um notkun rafrænna upplýsingakerfa við meðferð persónuupplýsinga nemenda í grunnskólum,
- Yfirlýsing um trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanns grunnskóla,
- Leiðbeiningar varðandi vinnslusamninga,
- Fyrirmynnd að vinnslusamningi,
- Fyrirmynnd að bréfi til vinnsluaðila þar sem sannreyst er að hann geti framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit,
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000,
- Reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Eru sveitarfélögin hvött til að hefjast þegar handa við að aðlagta framkvæmd við skráningu og meðferð persónuupplýsinga í grunnskólum í samræmi við tillögur starfshópsins.

III.

Á árinu 2018 er áætlað að ný persónuverndarlöggjöf taki gildi á Íslandi þegar ný reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd leysir af hólmi núgildandi löggjöf. Þar sem sveitarfélög vinna með persónuupplýsingar hvetur Samband Íslenskra sveitarfélaga öll sveitarfélög til þess að hefja undirbúning vegna gildistöku laganna nú þegar. Til að auðvelda innleiðingu nýrrar löggjafar er mikilvægt að uppfylla þær kröfur sem kveðið er á um í gildandi persónuverndarlögum nr. 77/2000. Mikilvægt er að fyrir hendi séu góðar verklagsreglur og leiðbeiningar sem þjóna tilgangi sínum og sem starfsmenn þekkja. Starfshópurinn hefur útbúið leiðbeiningar um notkun rafrænna upplýsingakerfa sem fylgja erindi þessu en leggur þó til að hver grunnskóli móti sínar leiðbeiningar í samræmi við það upplýsingakerfi sem er í notkun innan viðkomandi grunnskóla. Þá er mikilvægt að sveitarfélögin og grunnskólarnir hafi yfirsýn yfir hvaða upplýsingar það eru sem verið er að vinna með, hvaðan þær koma og á hvaða lagalega grundvelli meðhöndlun þeirra er byggð.

Ný löggjöf mun mæla fyrir um fleiri og strangari skuldbindingar en áður. Þess er m.a. krafist að nýr hugbúnaður og upplýsingakerfi séu útfærð með sérstaka áherslu á friðhelgi einstaklinga og á þann hátt að hún sé innbyggð í viðkomandi lausn. Þá er gert ráð fyrir að allar opinbera stofnanir hafi sérstakan persónuverndarfulltrúa sem er ætlað það hlutverk að vera sérfræðingur aðila í persónuvernd og tengiliður milli stjórnenda, hinna skráðu og Persónuverndar. Brýnt er að hafa í huga að það tekur tíma að breyta kerfum, verklagsreglum og ferlum. Eftir því sem sveitarfélögin hefja undirbúning sem fyrst verða þau betur í stakk búin til þess að fara eftir kröfum hinnar nýju persónuverndarlöggjafar þegar hún gengur í gildi.

Að lokum eru sveitarfélögin hvött til þess að kynna sér einnig nýtt efni á heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is Þá er hægt að hafa samband við Vigdísí Häsler, lögfræðing hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sé óskað eftir frekari upplýsingum eða aðstoð á netfangið vigdis@samband.is

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit:
Skólastjórafélag Íslands,
Laufásvegi 81,
101 Reykjavík